

Snemmtæk íhlutun og læsi
Þróunarverkefni

Leikskólinn Álfaberg
2014-2015

1. Formáli

Skólaárið 2014 – 2015 sóttum við um styrk í nýsköpunarsjóð og fengum úthlutuðum 1,6 milljón króna. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu starfsmanna á snemmtækri íhlutun og læsi og þróa stefnu leikskólans hvað þann þátt varðar. Styrkurinn var nýttur til að styrkja allt starf leikskólans og sameinuðust stjórnendur í að leiða það áfram. Verkefnið tókst vonum framar og óx metnaður starfsmanna, styrkur og öryggi í starfi. Öflug fræðsla til allra starfsmanna fór fram og hópurinn skipulagði og vann verkefnið sem ein heild. Gerðar voru áætlanir sem unnið var eftir, efniviður tengt læsi kynntur og fleira. Unnið var að því að gera starfsmannahópin öruggan í að vinna eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og áætlanir hvað það varðar gerðar. Til þess að mæta þessu verkefni var starfsmannahópurinn sammála um að á vorönn 2015 yrði lögð áhersla á þessa þætti og hvíla lotuvinnu fram að hausti 2015. Lögð var áhersla á að styrkja okkur í að skilgreina betur vinnuna okkar með börn sem eru í svokölluðum þriðja flokki og fá sérkennslu. Unnið var með sjónrænt dagskipulag á öllum deildum, allir kennarar voru með boðskiptahálsmen og leitast var við að styrkja enn frekar starfsmenn í að vinna með málproska barna.

2. Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að auka þekkingu starfsmanna á snemmtækri íhlutun og að þróa stefnu leikskólans hvað þann þátt varðar. Jafnframt að starfsmannahópurinn þrói leiðir og styrkist í að vinna markvisst með að:

- Leggja grunninn hjá yngstu börnum okkar með fjölbreyttum aðferðum (boðskiptahálsmen, myndrænt skipulag, tákn með tali, o.s.frv.)
- Nýta aðferðir snemmtækrar íhlutunar og hafa bók og aðferðir Ásthildar Bj. Snorradóttur að leiðarljósi. Nýta matslista með hverju barni.
- Vinna með börnum í hópum sem og einstaklingsþjálfun, greina markvisst það sem þarf að leggja áherslu á.
- Búa til einstaklingsáætlanir/þjálfunaráætlanir fyrir þau börn sem þurfa á að halda þar sem fram komi hver sjái um málörvunina, hvað á að vinna með, hversu oft og hvenær.
- Vinna með það námsefni sem til er í leikskólanum t.d. Ljáðu mér eyra, Orðagull, Lubba, Bínu, o.s.frv.
- Vinna með orðaforða, tengsl stafs og hljóðs, lesskilning, hljóðkerfisvitund og lesfimi.
- Vinna markvisst með skráningar, mælanleg markmið og eftirfylgni.
- Virkja foreldra til samstarfs, bæði með fræðslu, þátttöku í verkefnavinnu, o.fl.
- Efla starf með 4 – 5 ára börnum, taka m.a. upp stafainnlögn aftur, leika okkur með stafi og hljóð.
- Vinna markvisst með Tölum saman og K-Pals.
- Efla starfsmannahópinn í að vinna með spjaldtölvur tengt málörvun barna.

3. Málþroski

Rannsóknir hafa sýnt að til þess að börn nái eðlilegum málþroska er nauðsynlegt að þau alist upp í umhverfi þar sem þau heyra málið talað eða í tilfelli heyrnarlausra; sjái málið talað. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þetta verður að gerast áður en börnin ná vissum aldri, í þessu tilliti er talað um markaldur í máltöku. Yfirleitt þegar talað er um markaldur í máltöku er átt við frá fæðingu og fram að kynþroskaaldri. Þó hafa nýlegar rannsóknir sýnt fram á að mikilvægasta tímabilið er frá fæðingu og fram að sex ára aldri. Eftir kynþroska lokast oftast fyrir máltöku, þar af leiðandi verður erfiðara fyrir börn að læra tungumálið. Þegar börn læra ekki tungumál fyrir þennan tíma er ekki hægt að tala um að barn hafi móðurmál. Það nær aldrei fullum tökum á tungumálinu eins og það hefði gert ef máltakan hefði farið fram á eðlilegum tíma. Manninum virðist ætlað að læra tungumálið en til þess að málþroski verði eðlilegur þurfa börn einnig að heyra tungumálið talað, vera þátttakendur í málsamfélagi. Máltaka er reglubundin og börn ganga öll í gegnum sömu stig málþroska þó þau fari mishratt í gegnum þau. Sum börn eiga erfitt með málþroska og þurfa þá hjálp til þess að tileinka sér sumt af því sem kemur alveg að sjálfu sér hjá öðrum börnum (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2000:30).


4. Snemmtæk íhlutun

Þrátt fyrir mismunandi markhópa þá hefur snemmtæk íhlutun alltaf sama meginmarkmið. Það er að reyna að koma í veg fyrir erfiðleika í þroska og stuðla að aðlögun síðar á lífsleiðinni en síðast en ekki síst að veita fjölskyldum þessara barna þann stuðning sem þau þurfa á að halda (Tryggvi Sigurðsson, 2008:120). Þar sem málþroski er undirstaða læsis og læsi er einn af grunnþáttum menntunar er gríðarlega mikilvægt að snemmtækri íhlutun sé beitt þegar börn þurfa á hjálp að halda varðandi málþroska (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012:19).

Til að tryggja að sem bestur árangur náist af snemmtækri íhlutun þarf að huga að nokkrum atriðum sem rannsóknir hafa sýnt fram á að skipti miklu máli. Þar má fyrst nefna mikilvægi þess að snemmtæk íhlutun hefjist eins snemma og mögulegt er, eða um leið og grunsemdir vakna um að eitthvað sé að varðandi þroskaframvindu eða hegðun. Í flestum skilgreiningum er lögð áhersla á að fyrstu árin í lífi barns skipti mestu máli þegar kemur að snemmtækri íhlutun, þetta er yfirleitt tímabilið frá fæðingu og fram að þriggja ára aldri. Hins vegar er einnig fjallað um það að hægt sé að beita snemmtækri íhlutun alveg fram að sex ára aldri. Á þessu æviskeiði barnsins er starfsemi miðtaugakerfisins sveigjanlegust og þá er auðveldast að hafa áhrif á þroskaframvindu þess (Tryggvi Sigurðsson, 2004:5).

Samstarf við foreldra er annað atriði sem huga þarf sérstaklega að. Rannsóknir hafa sýnt að til að ná sem bestum árangri með íhlutun þarf samstarf foreldra og fagfólks að vera sem allra best. Með samstarfi er ekki verið að vísa til þess að foreldrar séu upplýstir áhorfendur heldur þarf samstarfið að vera virkt, þannig að foreldrar taki virkan þátt í íhlutuninni. Góð samskipti foreldra og ungra barna skipta miklu máli þegar kemur að þroska barna. Þess vegna miðar snemmtæk íhlutun að því að bæta samskipti foreldra og ungra barna þannig að foreldrar eigi auðveldara með að örva þroska barna sinna og auk þess að þeir eigi auðveldara með að takast á við þá erfiðleika sem fylgja frávikum í þroska. Einnig skiptir miklu máli fyrir barnið að íhlutunin eigi sér stað í eðlilegu umhverfi þess. Með þessu er átt við að betra er að íhlutunin fari fram í leikskóla, á heimili eða hvar sem barnið finnur fyrir öryggi (Tryggvi Sigurðsson, 2004:5).

Í starfinu okkar á Álfabergi styðjumst við efni bókarinnar *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna* eftir þau Ásthildi Bj. Snorradóttur, Anneyju Ágústsdóttur, Bergrósu Ólafsdóttur, Margréti Þóru Jónsdóttur og Sigurð Sigurjónsson. Sjá umfjöllun og lista í kafla 6.4.



4.1 Móttaka nýrra barna

Áður en barn fær leikskólapláss hjá okkur fer móttökuferli í gang. Áður en aðlögun barnsins hefst eru foreldrar boðaðir í samtali hjá leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og fyllt eru út eyðublöð sem varða dvöl barnsins, s.s. samningur um leikskólagjöld og dvalarsamningur. Deildarstjóri eða lykilpersóna barnsins í leikskólanum boðar síðan foreldra til sín í samtali á meðan aðlögun stendur. Í því samtali er meðal annars farið yfir fjölskyldusögu, málproska, trúarbrögð, heilsufar, matarvenjur, o.fl. Ef foreldrar tala ekki íslensku er ávallt boðaður túlkur í samtalið. Gera þarf ráð fyrir að því að þekking foreldra á íslensku leikskólastarfi sé misjöfn auk þess sem þeirra menning og áherslur hvað varðar uppeldi og menntun geta verið ólík því sem þekkist hér. Vegna þessa getur verið nauðsynlegt að kynna fyrir foreldrum lög um réttindi og skyldur sem þeir hafa gagnvart börnum sínum og menntun þeirra. Mikilvægt er að vanda allan undirbúning að móttöku barna og foreldra þeirra. Hér er lagður grunnur að samstarfi sem byggist á virðingu fyrir þekkingu beggja aðila sem hafa það sameiginlega markmið að styðja við þroska og menntun barna.

Móttökusamtal, sem stundum er nefnt fyrsta viðtali í leikskólum, hefur það að markmiði að gefa foreldrum tækifæri til að veita upplýsingar um barnið og einnig að gefa þeim upplýsingar um leikskólann og starfið sem þar fer fram. Í móttökusamtali er lagður grunnur að áframhaldandi samstarfi og því er mikilvægt að gefa góðan tíma til að skiptast á upplýsingum.

Á næstu síðu má sjá móttökusamtalið sem við notum á Álfabergi fyrir öll börn sem hefja leikskólagöngu hjá okkur.

Móttökusamtal

Nafn barnsins:

Kennitala:

Hvað er barnið kallað heima:

Hefur nafn barnsins einhverja sérstaka merkingu?

Þjóðerni barnsins:

Dvalartími barnsins:

Hve lengi hefur barnið búið á Íslandi?

Forráða maður 1:

Upprunaland:

Ríkisfang:

Menntun:

Vinnustaður:

Forráðamaður 2:

Upprunaland:

Ríkisfang:

Menntun:

Vinnustaður:

Tala forráðamenn íslensku?

Á barnið systkini?

Nafn:

Nafn:

Nafn:

Nafn:

Fjölskyldugerð:

Forræði/skipulag umgengiréttar:

Á barnið afa og ömmu? Ef já, hvar búa þau?

Dekkja forráðamenn marga í landinu?

Hefur barnið verið áður í (íslenskum) leikskóla?

Ef já, hvaða leikskóla, hversu lengi og lengd dvalartíma?

Dekkir barnið einhvern í leikskólanum? Ef já, hvern?

Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera?

Hvernig er skaplyndi barnsins?

Hver eru trúarbrögð forráðamanna?

Eru einhverjir sérstakir siðir sem tengjast menningu og trú?

Má tala um /fræða barnið um önnur trúarbrögð?

Má barnið fara í kirkju?

Hvert er viðhorf forráðamanna til útiveru?

Hafið þið/hefur þú væntingar til leikskólans?

Hefur barnið farið í 18 mánaða skoðun?

Hefur barnið farið í 2 ½ árs skoðun?

Barnasjúkdómar:

Bólusetningar:

Ofnæmi:

Hitakrampi:

Astmi eða eyrnabólga:

Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu?

Hefur barnið farið í sjónmælingu, hjá augnlækni?

Hefur barnið farið til tannlæknis?

Matarvenjur:

Má barnið borða allan mat?

Er barnið á sérfæði?

Hver er uppáhaldsmatur barnsins?

Notar barnið bleiu?

Sefur barnið, ef já. Hve lengi?

Sefur barnið í vagni eða inni?

Notar barnið snuð eða mjúkt dýr?

Hvernig er barnið þegar það fer að sofa (rólegt/órólegt)?

Málþróun/málþroski og boðskipti barna

Byrjaði barnið að tala á eðlilegum tíma?

Finnst þér orðaforði barnsins vera aldurssvarandi?

Er barnið farið að tengja saman tvö-þrjú orð?

Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni?

Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?

Sýnir barnið vanvirkni og litinn áhuga á umhverfinu?

Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dótum?

Á barnið auðvelt með augnsamband?

Bregst barnið við nafninu sínu?

	Já
Getur barnið nefnt hluti á myndum?	
Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti?	
Notar barnið leikföng á viðeigandi hátt?	
Hefur barnið áhuga á bókum?	
Les foreldra bækur fyrir barnið? (hversu oft)	
Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?	
Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum?	
Hefur málþróun stoppað hjá barninu á einhverjum tíma?	
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun?	
Hefur greinst ADHD í fjölskyldunni?	
Hefur greinst lesblinda í fjölskyldunni?	
Er eitthvað annað sem forráðamenn vilja að komi fram?	

Minna fólk á reglur um bílstólanotkun og hjólahjálma. Barnavernd, **17. gr.**

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum. Okkur ber skylda til að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til barnaverndanefndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni.

Minna fólk á gjaldskrá leikskólann og leiðbeina um niðurgreiðslur.

Aðlögun hefst:

Starfsmaður sem sér um aðlögun:

Byggt að hluta á spurningalista fyrir foreldra í bókinni: „Snemmtæk iðlutun í málörvun veggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústadóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014)).

4.2 Málörvunarstund

Í upphafi málörvunarstundar er farið yfir með börnunum hvernig stundin er uppbyggð, þá er notast við sjónrænar leiðbeiningar. Með þessu eiga þau auðveldara með að fara eftir þeim fyrirmælum sem gefin eru í stundinni, t.d. hlusta, bíða, horfa, gera og muna.



Yfirleitt er stundinni skipt í þrjá hluta. Fyrsti hluti er verkefni sem krefst hlustunar, einbeitingar og athygli. Annar hluti felur í sér verklegar æfingar eins og að lita, spila, teikna, flokka, o.s.frv. Þriðji hluti er svo óvænt/umbun þar sem barnið fær að velja.

Í lok stundarinnar rifja barn og kennari upp hvað gert var í tímanum. Með þessu er barnið látið kalla fram úr minni hvað gert var í stundinni, með endursögn.

Eftir stundina er skráð í stuttu máli hvað var gert, hvernig gekk og hvað má æfa betur. Þetta er skráð á sérstök skráningarblöð í vinnumöppum barnsins.



Vinnumappa í sérkennslu



Fjölskylduhagir barnsins

Nafn: _____

Kt: _____

Lögheimili: _____

Móðir: _____

Heimilisfang: _____

Fornali

☐

Faðir: _____

Heimilisfang: _____

Fornali

☐

Sérkennsla vegna:	Tíma- fjöldi
Fjölhygi	3 flekkur
Orðaskil/setninga myndun	

Viðtöl við foreldra	
Dags.	Athugasemdir
17. sep 15	Viðtal við báða foreldra v/Orðastíl og aðalégunnar, erfið að koma á leikskólanum. Vill ekki borga

Málproski

Pekkir tölustafi:

1 X 2 X 3 X 4 X 5 X 6 X 7 X 8 X 9 X 10 X Juni 16 paukur ekki

Telur upp í 15

Getur talið upp að 5 í 3 skipti af 5 X

Getur talið upp að 10 í 3 skipti af 5 X

Pekkir 3 liti í 3 skipti af 5 des 2015

Pekkir dags:				
	X gullur bílur			
Pekkir dags:				
			X bláur	X rauður

Vantar hljóð í málið

Vantar elni hljóð _____

Annað er varðar málproskann:

Söngurur í tali / beygir oft elni

t.d. "hann ætlað taka bíl hans"

Notar: hann/hún X Notar: ég X

p.t.d. "hann skemir allt kubbana!"

Notar fleirtölu Pau/peir _____

Fínhyreyfingar

Beitir skærum rétt _____

Getur klippt línu _____

Grip	Stærð þvengip		Stærð þvengip		Stærð þvengip fingra grip		Stærð þvengip fingra grip
	Juúúúú						


Púsl	Formpúsl		8-12 bita		12>
	Juúúúú X				

Púsl úthald	X				
	Úthald gott		Gefst upp		Annað

Höfuðfætla _____

Skrifar stafinn sinn _____

Skrifar nafnið sitt _____



Félagsfærnisaga

Ég fer í leikskóla.



Ég heiti [redacted] og er 3 ára

Leikskólinn minn heitir Álfaberg.

Það eru margir krakkar á Álfabergi.

Deildin mín heitir Esja, á Esju eru margir kennarar. Kennararnir heita [redacted]

Mamma/Pabbi fer með mig á leikskólann.

Þegar ég er komin í leikskólann, þá fer mamma/pabbi að vinna.

Þegar mamma/Pabbi fer þá segi ég bless og fæ knús.



Mamma/Pabbi fer glaður í vinnuna þegar ég segir bless og knúsa hann/hana.

Mér finnst oftast gaman á leikskólanum. Í leikskólanum ætla ég að leika við vini mína, stundum lita ég, pússla, leira og byggja úr kubbum.

Skráningar

10 sept 15

Athugasemd/endurmat

Ég kom á leikskólann - var eftir. Var til í skólinum. Var til í skólinum.

Markmið	Verkefni	Átt	Átt	Átt	Átt
framingarþing	þingabúðir				
Samkvæmt	þingabúðir				
þingabúðir	þingabúðir				

hann hefur mikil við Tom namt.

14 sept 15

Athugasemd/endurmat

Ég kom á leikskólann - var eftir. Var til í skólinum. Var til í skólinum.

Markmið	Verkefni	Átt	Átt	Átt	Átt
framingarþing	þingabúðir				
Samkvæmt	þingabúðir				
þingabúðir	þingabúðir				

þingabúðir - full af þingabúðir. Þingabúðir - full af þingabúðir. Þingabúðir - full af þingabúðir.

18 sept 15

Athugasemd/endurmat

Ég kom á leikskólann - var eftir. Var til í skólinum. Var til í skólinum.

Markmið	Verkefni	Átt	Átt	Átt	Átt
framingarþing	þingabúðir				
Samkvæmt	þingabúðir				
þingabúðir	þingabúðir				

þingabúðir - full af þingabúðir. Þingabúðir - full af þingabúðir. Þingabúðir - full af þingabúðir.

NB/tak eftir gæðum aðaldrátt. d. d. vifta

18 sept. vinnuþing send heim. Félagsfærnisaga um að koma í leikskólann. + þingabúðir.

litle barnið er með 15 = litle barnið 15

annan hafi eng Verkefnið ætlast til en finnst gaman

4.3 Málörvun tvítyngdra barna

Barn sem hefur ekki gott vald á tungumáli hefur oft:

- Slæma sjálfsmynd
- Verri grunn til náms
- Laskaða tengslamyndun

Fyrst af öllu þarf barnið að læra samskipti og svo að nota orðin. Þess vegna skiptir miklu máli að leggja fyrst áherslu á félagsfærni og sjálfsmynd barnsins.

Mikilvægt er að það sé virðing borin fyrir ólíkum tungumálum og kynna sér tungumál viðkomandi barns t.d. læra eina setningu – nokkur orð og nota í samskiptum við barnið. Nýta starfsfólk sem talar sama tungumál og börnin ef það er fyrir hendi. Mikilvægt að kynna sér stöðu barnanna í móðurmáli þeirra.

Barnið lærir best þegar því líður vel og er ekki undir álagi. Í gegnum leik lærir barnið málið í gegnum samskipti og samræður. Þetta er oft vænlegasta leiðin til að læra tungumál.

Barnið þarf góðan tíma til að læra á lífið í leikskólanum og fá tíma til að læra tungumálið í gegnum öll skynfærin með raunverulegri reynslu. Og mikla þolinmæði – því að ná félagslegu tungumáli tekur að öllu jafnaði um 1-3 ár – tungumálið í heild eða bókmál tekur að meðaltali 7-12 ár.

- Tölum hægt.
- Einföldum mál okkar.
- Sýnum og segjum frá.
- Endurtaka – endurtaka- endurtaka.
- Notum látbragð til að gera fyrirmæli skiljanlegri.
- Notum hluti sem hjálpartæki.
- Útskýrum fyrirfram.
- Nýtum starfsmann sem kann tungumálið.
- Þau verða að njóta ástúðar og umhyggju eins og þau eru án þess að upplifa fordóma eða afskiptaleysi.
- Lítum á foreldra þeirra sem hæfa uppalandur þrátt fyrir að þeir tali ekki íslensku.
- Börnin verða að finna að þau tilheyri bæði heimamenningu sinni og menningu samfélagsins.
- Leikskólinn þarf að finna leiðir til að eiga í samræðum við foreldranna.
- Leggja áherslu á að þau læri sitt móðurmál.
- Leggja áherslu á að þau leiki við börnin.
- Styrkjum sjálfsmynd þeirra með öllum ráðum sem okkur dettur í hug.
- Látum þau finna að þau séu velkomin í barnahópinn og pössum að þau verði ekki útundan.
- Látum þau fá verkefni sem þau ráða við og gerum sanngjarnar kröfur.
- Haldið styrkleikum þeirra á lofti og viðurkennið þá.
- Trúum að hvert einasta barn sé frábært og hafi eitthvað fram að færa/eitthvað að kenna okkur.



5. Fræðsla

Á meðan á verkefninu stóð fóru allir starfsmenn Álfabergs á námskeið og fyrirlestra því tengdu. Þessi fræðsla sem fram fór styrkti ekki eingöngu okkar faglega starf með snemmtæka íhlutun og læsi að leiðarljósi heldur einnig samvinnu starfsfólks, okkur sem eina heild. Hluti af markmiði verkefnisins var að hver starfsmaður viti til hvers er ætlast af honum og markmið faglegs starfs séu skýr.

- Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur hélt tvisvar fyrirlestur um snemmtæka íhlutun
- Hanna Halldóra Leifsdóttir sérkennsluráðgjafi hélt tvisvar fyrirlestur um tvítyngi barna og hvernig hægt er að vinna sem best með þeim börnum.
- Farið var á námskeið um iPad í skólastarfi
- Farið var á námskeið um notkun kennsluefnisins K-pals
- Sigurjón hjá Hagvangi hélt fyrirlestur um liðsheild
- Í framhaldi af verkefninu fóru tveir starfsmenn á námskeið um kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* og um matstækið TRAS sem nú er notast við á leikskólanum

Á öllum deildum er til mappa þar sem fyrirlestrar eru settir inn í sem gott er að fara yfir reglulega.

Á vegum Hafnarfjarðarbæjar er starfræktur teymishópur um læsistefnu Hafnarfjarðar. Haldnir eru fundir þar sem fram fara umræður og fræðsla þessu tengdu. Þessa fundi hafa Jóhanna sérkennslustjóri og Linda aðstoðarleikskólastjóri sótt.

6. Starfið á Álfabergi

Í leikskólanum starfa leikskólakennarar, grunnskólakennarar, þroskapijálfi og leiðbeinendur með margvíslega menntun og reynslu að baki.

Áhersla er á leik í gegnum áhuga og styrk barnsins og efla með því trú þess á sjálft sig og hámarka um leið getu þess. Hugmyndafræði Howards Gardners er leiðarljós okkar á þeirri leið og að vera meðvituð um að allir séu góðir í einhverju en enginn í öllu. Snillistundir (hópastarf) með börnum eru á hverjum degi, stundum tvisvar á dag þar sem unnið er samkvæmt hugmyndafræðinni. Þrír megin áherslupættir leikskólans eru íslenska, stærðfræði og lífsleikni. Unnið er með hvern áherslupátt í lotu sem stendur yfir í 6 vikur í senn og eru Snillistundir notaðar til að kafa djúpt ofan í viðfangsefnin. Val verkefna hverju sinni fer eftir aldri barnanna og eftir því sem þau eldast fara þau að hafa meiri áhrif. Leikurinn er í fyrrirúmi og að börnin uppgötvi og rannsaki.

6.1 Mikilvægi lesturs



Í leikskólum er reynt að skapa umhverfi sem hvetur börn til þess að kanna leyndardóma ritaðs máls og vekja löngun þeirra til að læra að lesa og skrifa. Fyrstu kynni barna af rituðu máli hefjast oft í leik þeirra. Margs konar leikir og leikföng í leikskóla búa börnin á eðlilegan hátt undir að læra að lesa og skrifa.

Áhugi á bókstöfunum er ein af grundvallarforsendum læsis. Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að lestur og samræður um efnið sé aðferð sem eflir orðaforða barna hvað mest. Samræðulestur með yngstu börnunum felst meðal annars í því að nefna heiti persóna og athafna á mynd og tengja við reynsluheim barnsins. Með eldri börnum getur lesturinn reynt töluvert á vitsmunalega færni, til dæmis þegar samræður um efnið byggjast á krefjandi spurningum eða heimspekilegum vangaveltum.

Lestur daglega fyrir börn felur í sér mikla og góða málörvun. Við lestur örvum við orðaforða barna, þau kynnast annarskonar málvari en við notum venjulega og það er hollt og gott að lesa sömu bækurnar aftur og aftur. Börnin skynja uppbyggingu frásagnar, skipulag atburðarásar, orðaröð og setningagerð.

Barnið nýtur þess að láta lesa fyrir sig og býr að þeirri reynslu þegar það lærir að skrifa. Með því að lesa upphátt fyrir barn gefum við því orðaforða og setningar að vinna með. Gerum hlé á lestrinum og ræðum við barnið um söguna. Einnig um myndirnar í bókinni.

Börn stíga sín fyrstu spor í lestri á heimilunum og hafa foreldrar eða fjölskyldan meiri áhrif á viðhorf barna til lesturs en skólinn. Rannsóknir hafa sýnt fram á að lestur á heimili og lestur foreldra skiptir mestu máli varðandi viðhorf barna til lesturs. Það er því mikilvægt að foreldrar séu góðar fyrirmyndir barna sinna varðandi bóklestur og að þeir lesi fyrir þau og ræði um bækurnar.

Það skiptir því máli að:

- börn hafi aðgang að bókum heima
- börn finni að lestur sé mikilvægur
- bækur séu sýnilegar á heimilinu
- að börn sjái foreldra sína lesa
- að börnin sjá foreldrana lesa sér til ánægju
- að börn og foreldrar ræði saman um það sem börnin lesa
- að hafa ákveðinn tíma til lesturs daglega
- að fara reglulega á bókasafnið og fá lánaðar bækur



6.2 Efniviður

Á Álfabergi er nú til fjölbreyttur efniviður til þess að vinna með málörvun. Hluti af þróunarverkefninu var að bæta við þann efnivið sem til var. Einnig að gera hann sýnilegan og fá starfsfólk til þess að prófa og verða þannig öruggara í vinnu með málörvun. Við skiptum efniviðnum niður í nokkra flokka þannig að auðveldara væri að sjá hvaða hluta málproska er verið að vinna með hverju sinni.

Að okkar mati höfum við náð þeim markmiðum er við settum okkur varðandi efnivið. Starfsfólk er mun öruggara, duglegra að prófa sig áfram og tala sín á milli um hvað hentar hverju sinni.

Þessi hluti verkefnisins varð til þess að styrkja okkur sem faglega heild.



6.3 Sjónrænar leiðbeiningar

Sjónrænar leiðbeiningar einfalda nám, breytingar, yfirfærslu og draga úr heyrnrænu áreiti, verkefnin verða skýr og skipulögð, beina athyglinni að mikilvægu atriði þ.e. því sem skiptir máli, minnkar nauðsyn á nálægð kennara (Sérkennslutorg, e.d.).





6.4 Boðskipti

Sennilega er fátt nauðsynlegra en að geta átt samskipti við aðrar manneskjur og hafa góða sjálfsstjórn. Boðskipti eru mikilvæg undirstaða í málþróun barna. Horfa, hlusta, bíða, gera til skiptis, setja sig í spor annarra, stjórna hegðun, sameina athygli, geyma í minni það sem hægt er, herma eftir og geta haldið þræði í kenngslu.

Hegðun og boðskipti eru nátengd: Ef röskun verður á málþroska geta börn farið að þróa með sér hegðunarerfiðleika. Þess vegna þarf að leggja áherslu á að byrja snemma að styrkja boðskiptafærni. Þegar börn vita hvernig þau geta gert sig skiljanleg og til hvers er ætlast til af þeim líður þeim betur og hegðun lagast oft í samræmi við aukna færni í boðskiptum og málþroska. Það er þó alltaf mikilvægt að leita til viðeigandi sérfræðinga eftir þörfum, sérstaklega þegar grunur er um einhverfu, athyglisbrest, mótþróaþrjóscuröskun eða önnur heilkenni.

Við verðum að byrja á því að hjálpa viðkomandi barni að vita hvaða hegðun er viðeigandi, kenna þeim sjálfstjórn og fara eftir reglum. Sýnt hefur verið fram á að það að, nota myndir eða sjónrænar vísbendingar við kenngslu er líkleggra til að styrkja taugatengingar og efla stýrivirkni heilans (festir betur í minni). Einnig hjálpar boðskiptakippa til við að minna kennarann á mikilvægi þessa þátta og minnir okkur á að ná þeim fram hjá börnunum (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 214:32-33). Allt starfsfólk Álfabergs gengur með boðskiptakippu.

- Gott er að leggja reglurnar inn t.d. Með því að lesa Bína bálreiður og æfa reglurnar vel.
- Við þurfum að útskýra fyrir börnunum að til þess að tala/hafa tjáskipti þurfum við að nota augun, varirnar, tunguna, tennurnar og eyrun.
- Nauðsynlegt er að vinna með tilfinningar og að börnin átti sig á eigin líðan. Það hjálpar þeim að fá innsæi í eigin vanda síðar meir.



Byrjum kennslu á boðskiptunum – og út frá því markvissa málörvun.

6.5 Skipulag og skráning

1 – 2 ára

- Boðskipti, sjálfstjórn
- Orðaforði
- Tákn með tali
- Lubbi finnur málbein
- Sjónrænt dagskipulag – fyrst og svo
- Lesa á hverjum degi
- Þulur og vísur

Efni í spjaldtölvu:

Bitsboard, BookCreator, rafbækur (Mímí t.d), Duplo þroskaleikir, Georg og félagar, nota skjávarpa.

Hugmyndir að námsefni:

- Bína
- Boðskiptahálsmen
- Bínuveggspjald
- Bækur 100 fyrstu orðin, 500 fyrstu orðin, o.fl.
- Orðasjóður
- Litlu kassarnir frá Super duper
- Leynipoki – draga hluti upp úr poka
- Vinna með orðflokka, fatnaður, ávextir, litirnir, dýraflokkur, líkamshlutar, farartæki, telja, dagar, mánuðir, o.s.frv.
- Tilfinningaspjöld
- Tákn með tali, vinna með ákveðin tákn í ákveðinn tíma
- Leggja orð á athafnir, nýta t.d. matartíma og fataklefa
- Vinna með staf barnsins

Deild:	Mánuður	1 - 2 ára
Dagsetning:		
Áherslupættir		
Boðskipti		
Bína		
Boðskiptahálsmen		
Sjálfstjórn, sitja, hlusta, bíða		
Myndrænt dagskipulag, ofl.		
Orðaforði		
Bækur/100 fyrstu orðin o.fl.		
Orðasjóður/orðflokkar		
Lesi daglega		
Þula mánaðarins		
5 áherslulög		
Orð á athafnir		
Tilfinningaspjöld		
Tákn með tali		
Spjaldtölva		
a.m.k einu sinni í viku		
Heimsókn á bókasafn		
Hvaða orðflokka var unnið með:		

3 ára

- Orðaskil er lagt fyrir öll 3 ára börn
- Boðskipti, sjálfsstjórn, félagsfærni
- Orðaforði, setningamyndun
- Leika með rím, atkvæði, nefnihraði
- Virk hlustun og heyrnræn úrvinnsla, fara eftir fyrir mælum
- Sjónrænt dagskipulag og boðskiptahálsmen
- Lesa daglega
- Þulur og vísur
- Vinna með framsögn
- Kenna umgengni á bókum, bókakápa, heiti bókar, lesátt.
- Vinna með ritmál, merkja hluti, o.s.frv.

Efni í spjalddölvu:

Bitsboard, BookCreator, raðbækur (Mímí t.d), Duplo þroskaleikir, Georg og félagar, Lærum og leikum með hljóðin, nota skjávarpa.

Hugmyndir að námsefni:

- Bína
- Bínuveggspjald
- Orðasjóður
- Litlu kassarnir frá Super duper
- Spilakassar Ásthildar
- Leynypoki – draga hluti upp úr poka
- Vinna með orðflokka, fatnaður, ávextir, litirnir, dýraflokkur, líkamshlutar, farartæki, telja, dagar, mánuðir, o.s.frv.
- Tilfinningaspjöld
- Tákn með tali, vinna með ákveðin tákn í ákveðinn tíma
- Leggja orð á athafnir, nýta t.d. matartíma og fataklefa
- Vinna með nafn barnsins, foreldra, heimilisfang, afmælisdag, o.s.frv.
- Málörvunaspil

Málörvun 0-3 ára barna



<https://vimeo.com/alfaberg/malorvun0-3>

4 ára

- Tölum saman
- Áframhaldandi vinna með rím, atkvæði og nefnihraða
- Vinna markvisst með hljóðvitund og hljóðkerfi (spilakassar Ásthildar, Ljáðu mér eyra)
- Vinna með samsett orð, orðhlutaeyðingu, finna fyrsta og síðasta hljóð í orðum.
- Lærum og leikum með hljóðin, farið yfir öll hljóð á skólaárinu
- Virk hlustun og heyrnræn úrvinnsla, fara eftir fyrirmælum
- Sjónrænt dagskipulag og boðskiptahálsmen
- Lesa daglega
- Pulur og vísur
- Vinna með framsögn
- Kenna umgengni á bókum, bókakápa, heiti bókar, lesátt.
- Vinna með ritmál, merkja hluti, o.s.frv.

Efni í spjaldtölvum:

Bitsboard, Lærum og leikum hljóðin, Froskaleikirnir, Puppetpals, BookCreator, iMovie, Georg og félagar, nota skjávarpa

Hugmyndir að námsefni:

- Bína
- Bínuveggspjald
- Orðasjóður
- Litlu kassarnir frá Super duper
- Spilakassar Ásthildar
- Leynipoki – draga hluti upp úr poka
- Vinna með orðflokka, fatnaður, ávextir, litirnir, dýraflokkur, líkamshlutar, farartæki, telja, dagar, mánuðir, o.s.frv.
- Tilfinningaspjöld
- Tákn með tali, vinna með ákveðin tákn í ákveðinn tíma
- Leggja orð á athafnir, nýta t.d. matartíma og fataklefa
- Vinna með nafn barnsins, foreldra, heimilisfang, afmælisdag, o.s.frv.
- Málörvunarspil
- Orðagull
- Bókin Markviss málörvun

Deild:	Mánuður	4 ára
Dagsetning:		
Áherslupættir		
Boðskipti		
Boðskiptahálsmen		
Sjálfstjórn, sitja, hlusta, bíða		
Myndrænt dagskipulag, ofl.		
Félagsfærni/Stig af stigi		
Orðaforði/Hljóðkerfisvitund		
Orðasjóður/orðflokkar		
Orðaforði/setningamyndun		
Rím, atkvæði, nefnihraði		
Samsett orð/orðhlutaeyðing		
Fyrsta og síðasta hljóð í orðum		
Æfa hlustun/fyrirmælaæfingar		
Hljóðkerfisvitund		
Tölum saman		
Lesi daglega		
Þula mánaðarins		
5 áherslulög		
Orð á athafnir		
Tilfinningaspjöld		
Tákn með tali		
Spjaldtölva		
a.m.k einu sinni í viku		
Lærum og leikum með hljóðin		
Heimsókn á bókasafn		

5 ára

- K-pals
- Tölum saman, námsefnið klárað.
- Áframhaldandi vinna með rím, atkvæði og nefnihraða
- Vinna markvisst með hljóðvitund og hljóðkerfi (spilakassar Ásthildar, Ljáðu mér eyra)
- Vinna með samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðingu, finna fyrsta og síðasta hljóð í orðum
- Markviss málörvunarbókin.
- Þegar búið er að leggja fyrir Hljóm-2 eru búnir til hópar þar sem unnið er með slaka þætti hljóðkerfisvitundar.
- Vinna með framsögn
- Sjónrænt dagskipulag boðskiptahálsmen
- Lesa daglega – munum eftir framhaldssögum
- Þulur og vísur
- Kenna umgengni á bókum, bókakápa, heiti bókar, lesátt.
- Vinna með ritmál, merkja hluti, o.s.frv.

Efni í spjaldtölvum:

Bitsboard, Lærum og leikum með hljóðin, Froskaleikirnir, Puppetpals, BookCreator, iMovie, Georg og félagar, nota skjávarpa

Hugmyndir að námsefni:

- Bína
- Bínuveggspjald
- Orðasjóður
- Litlu kassarnir frá Super duper
- Spilakassar Ásthildar
- Leynipoki – draga hluti upp úr poka
- Vinna með orðflokka, fatnaður, ávextir, litirnir, dýraflokkur, líkamshlutar, farartæki, telja, dagar, mánuðir, o.s.frv.
- Tilfinningaspjöld
- Tákn með tali, vinna með ákveðin tákn í ákveðinn tíma
- Leggja orð á athafnir, nýta t.d. matartíma og fataklefa
- Vinna með nafn barnsins, foreldra, heimilisfang, afmælisdag, o.s.frv.
- Málörvunarspil
- Orðagull
- Bókin Markviss málörvun

Deild:	Mánuður	5 ára
Dagsetning:		
Áhersluþættir		
Boðskipti		
Boðskiptahálsmen		
Sjálfstjórn, sitja, hlusta, bíða		
Myndrænt dagskipulag, ofl.		
Félagsfærni/Stig af stigi		
Orðaforði/Hljóðkerfisvitund		
Orðasjóður/orðflokkar		
Orðaforði/setningamyndun		
Rím, atkvæði, nefnihraði		
Samsett orð/orðhlutaeyðing		
Fyrsta og síðasta hljóð í orðum		
Æfa hlustun/fyrirmælaæfingar		
Hljóðkerfisvitund		
Tölum saman/klára námsefni		
Lesi daglega		
Þula mánaðarins		
5 áherslulög		
Orð á athafnir		
Tilfinningaspjöld		
Tákn með tali		
K-pals námsefni klárað		
Bókin markviss málörvun		
Spjaldtölva		
a.m.k einu sinni í viku		
Lærum og leikum með hljóðin		
Heimsókn á bókasafn		

Málörvun 3-5 ára barna



<https://vimeo.com/alfaberg/malorvun3-6>



6.6 Matstæki og ferli

Samkvæmt læsisstefnu Hafnarfjarðarbæjar á að skima öll börn með þremur listum.

- TRAS er skráning á málproska ungra barna á meðan leikskóladvöl stendur. Með TRAS er auðvelt að fylgjast með þroskaframvindu barnanna þar sem skráningin er skipt upp í aldursbil. Það mælir félagsfærni, samskipti, einbeitingu, málskilning, málvitund, framburð, orðaforða og setningamyndun.
- Orðaskil er málproskapróf þar sem orðaforði og setningamyndun eru athuguð hjá 3ja ára börnum. Foreldrum eru kynntar niðurstöðurnar.
- Hljóm2 er athugun á hljóð- og málvitund 5 ára leikskólabarna. Þar er börnunum skipt í færniflokka eftir stigagjöf. Niðurstöðurnar geta gefið vísbendingar um hverjir séu í áhættu fyrir lestrarerfiðleikum seinna meir. Niðurstöðurnar eru kynntar fyrir foreldrum og fylgja börnunum síðan áfram í grunnskóla.

Þegar grunur er um frávík í þroska hjá barni er samráðsteymi virkjað. Í samráðsteymi leikskólans eru Lilja Kolbrún, Linda og Jóhanna. Teymið fundar einu sinni í viku á þriðjudögum klukkan 9.15 og geta starfsmenn og foreldrar vísað málum í það. Mikilvægt er að gera SMT-skráningar í tvær vikur áður en máli er vísað í teymið ef um hegðunarvanda er að ræða til þess að hægt sé að komast fljótt og vel að kjarna málsins og vinna strax að úrræðum. Hópstjóri og/eða deildarstjóri hitta samráðsteymið og farið er í sameiningu yfir mál barnsins og það sett í ferli.

Boðað er til foreldrafundar, sagt frá gruni um frávik og að ferli sé að fara af stað. Þennan fund situr hópstjóri og/eða deildarstjóri og sérkennslustjóri. Í kjölfarið eru viðeigandi matstæki leikskólans lögð fyrir s.s.:


- Matslistar úr bókinni Snemmtæk íhlutun. Hjálpargögn sem eru ætluð leikskólakennurum til þess að náglast nauðsynlegar upplýsingar um barnið, meta stöðu þess, hjálpa til við að halda utan um vinnu og skipuleggja vinnu og vinnugögn. Sjá lista hér að aftan.
- Íslenski smábarnalistinn fyrir 0-3 ára. Mælir grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal.
- Íslenski þroskalistinn fyrir 3-6 ára. Mælir grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal.
- AEPS 1. hluti fyrir 0-3 ára og 2. Hluti fyrir 3-6 ára. Mælir fínhreyfingar, grófhreyfingar, færni í daglegum arhöfnum, vitsmunabátt, félagsleg tjáskipti og samskipti. Hægt er að fylla matslistann þrisvar út og fylgjast þannig með framvindu þroska barnsins á tímabilinu.
- Gerd Strand. Mat á stöðu 4 ára nemanda. Mælir hegðun, hreyfingar, mál og þekkingu.
- AAL. Athugun fyrir athugun og hegðun leikskólabarna.

Út frá niðurstöðum er þjálfunaráætlun útbúin ef þörf er á.



Jóhanna sérkennslustjóri og Signý halda utan um börn sem hafa fengið úthlutuðum sérkennslutímum og börn sem eru í 3. flokki (grunur um ADHD, móttþróaprjóscuröskun, málproskaröskun, o.fl.) Þær halda utan um að gera tímaáætlun, þjálfunaráætlun, sjá um skráningar og endurmat. Þurfi þær að leysa af inni á deildum vegna manneklu eða kaffitíma nýta þær tímann til þess að fylgjast með börnunum í leik og gera skráningar. Signý tekur einnig þátt í Snillistundum þar sem á þarf að halda og matartímum.

Á hverjum degi sér Jóhanna um málörvunarstund eftir hádegi á Keili og Búrfelli og Signý á Esju.



10.1

Yfirlit verkferla

Er búið að:	
	✓
Fara yfir bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum?	
Fylla út gátlista til frumkönnunar varðandi málakilning, máltjáningu, leik og boðskipti?	
Fara með barnið í 2½ árs skoðun heilsugæslunnar?	
Fá bréf varðandi niðurstöður úr 2½ árs skoðun Heilsugæslunnar?	
Gera foreldrum grein fyrir grunsemdum um stöðu barnsins hvað varðar mál, tal og boðskipti?	
Fá leyfi foreldra til þess að leggja fyrir viðeigandi athugunarlista/gátlista?	
Leggja fyrir viðeigandi athugunarlista/gátlista?	
Fara yfir niðurstöður athugunarlista/gátlista með foreldrum? (skrifleg skil)	
Fá skriflegt leyfi frá foreldrum fyrir ítarlegri greiningu hjá sérfræðipjónustu?	
Útbúa skilgreinda málörvunaráætlun út frá þörfum barnsins?	
Veita foreldrum fræðslu?	
Skrá hvað er gert í málörvunartímum?	
Senda verkefni heim?	
Meta árangur?	

10.2

Spurningalisti fyrir foreldra ungra barna (tveggja til þriggja ára) sem eru að byrja í leikskólanum

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Atriði tengd málþroska:

Málþróun / málþroski boðskipti			
	Já	Nei	Veit ekki
Byrjaði barnið að tala á eðlilegum tíma?			
Hefur barnið farið í 2½ árs skoðun?			
Hefur barnið verið með þrálátar eyrnabólgur?			
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?			
Finnst þér orðaforði barnsins vera aldurssvarandi?			
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi?			
Er barnið byrjað að tengja saman tvö-þrjú orð?			
Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni?			
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?			
Sýnir barnið vanvirkni og lítinn áhuga á umhverfinu?			
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dót?			
Á barnið auðvelt með augnsamband?			
Bregst barnið við nafninu sínu?			
Getur barnið nefnt hluti á myndum?			
Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti?			
Notar barnið leikföng á viðeigandi hátt?			
Hefur barnið áhuga á bókum?			
Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum?			
Hefur málþróunin stoppað hjá barninu á einhverjum tíma?			
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun tengda málhömlun?			
Hefur greinst málhömlun eða lestrarörðugleikar í fjölskyldu?			
Annað sem þú vilt taka fram:			

Hvaða væntingar hefur þú varðandi málörvunartíma í leikskólanum?			

10.3

Mikilvægar bakgrunnsupplýsingar tví- eða fjöltyngdra barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Um barnið	
Er barnið fætt á Íslandi?	
Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?	
Hvert er móðurmál barnsins?	
Tala foreldrar sitt móðurmál við barnið?	
Er barnið í íslenskum leikskóla? (lengd dvalartíma)	
Hefur barnið tök á því að dveljast í íslensku málumhverfi fyrir utan skóla?	
Hafa greinst málþroskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?	
Á barnið í erfiðleikum með málskilning eða máltjáningu á eigin tungumáli?	
Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu?	
Er barnið með lítinn orðaforða miðað við jafnaldra á eigin tungumáli?	
Er barnið með mikil framburðarfrávik á eigin tungumáli?	
Hafa foreldrar áhyggjur af málþroska barnsins?	
Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?	
Var meðganga og fæðing eðlileg?	
Annað sem foreldrar/forráðmenn vilja taka fram:	

10.4

Hagnýt ráð fyrir foreldra og forráðmenn ungra barna

- Munið eftir að fara með barnið ykkar í 2 ½ árs skoðun hjá Heilsugæslunni og fáíð nákvæmar upplýsingar um hvernig barnið ykkar kemur út úr þroskamati (*Brigance*) sem er lagt fyrir. Ef ástæða er til leitið til barnalæknis og viðeigandi greiningarteyma til þess að þjónusta barnið
- Farið með barnið ykkar í heyrnarmælingu ef það hefur verið með miklar eyrnabólgur, vökva í eyrum eða ef grunur vaknar um að það heyri illa
- Ef þið hafið áhyggjur af málþroska barnsins skuluð þið leita til talmeinafræðings og biðja um málþroskamat. Ekki bíða og sjá til, fylgið eigin sannfæringu. Foreldrar þekkja börnin sín best og hafa yfirleitt rétt fyrir sér varðandi áhyggjur af málþroska
- Athugið að hægt er að setja barn á biðlista hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi á stofu áður en er leitað til barnalækna eða greiningarteyma
- Það er mikilvægt að huga sérstaklega vel að þeim börnum sem eiga fjölskyldusögu um lestrarerfiðleika, athyglisbrest eða málhömlun. Rannsóknir sýna að slík vandamál geta erfst og því fyrr sem börnin finnast því auðveldara er að vinna í anda snemmtækra íhlutunar sem sýnt hefur verið fram á það að dragi úr afleiðingum frávika síðar meir
- Meðalorðaforði 24-25 mánaða gamalla stúlkna er 366 orð og meðalorðaforði drengja á sama aldri er 268 orð samkvæmt *Orðaskil-orðafordagátlista* (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998)
- Verið meðvituð um það að vera í augnhæð barnsins þegar þið eigið samskipti við það, notið virka hlustun og biðið eftir viðbrögðum þess. Talið um það sem það sýnir áhuga á. Spyrjið opinna spurninga sem ekki krefjast eingöngu *já* og *nei* svara. Leggið áherslu á það að skapa þörf fyrir boðskipti fyrir barnið með því að skapa aðstæður þar sem það þarf að tjá sig, t.d. við að biðja um meira við matarborð, biðja um hjálp við klæðnað, biðja um uppáhaldsleikfang sitt með nafni. Í öllum samskiptum þarf að leggja áherslu á það að sætta sig ekki við tos og bendingar, heldur hjálpa barninu að nota orð eða tákn og leggja því orð í munn eftir þörfum
- Börn læra stöðugt ný orð og til þess að auðvelda þeim að efla orðaforðann þurfum við að vera þeim góð fyrirmynd. Góð regla er að setja orð á það sem þið sjáið og gerið og vera viss um að barnið hlusti á fyrir máli og skilji til hvers sé ætlast af því. Notið sjónrænan stuðning samhliða orðum, s.s. Tákn með tali, bendingar, hluti, myndir eða önnur tákn sem barnið getur skilið
- Kennið börnunum ykkar undirstöðupætti fyrir boðskipti, eins og að *hlusta*, *bíða*, *gera til skiptis* (*fyrst ég, svo þú*), *horfa*, *veita athygli* og *herma eftir*. Hægt er að vinna með þessa þætti í félagslegum samskiptum og í gegnum hefðbundnar rútínur daglegs lífs
- Notið daglegar aðstæður til þess að styrkja málþroska barnsins. Daglegar aðstæður s.s. matartíma, útiveru og leikaðstæður sem stuðla að málörvun (t.d. búðarleik, dúkkuleik, boltaleik, bílaleik). Nefnið líkamshluta, t.d. þegar verið er að baða eða háttla barnið. Gott er að nefna liti, tölur og bókstafi þegar slíkt á við. Þegar verið er að auka við mál barns er mikilvægt að nota fjölbreytta orðflokka. Ekki er nóg að nefna eingöngu hluti. Þó nafnorð séu mikilvæg þarf barnið

einnig að komast í kynni við orð sem lýsa útliti og áferð (þ.e. *blautur, mjúkur, stuttur*), athöfnum (þ.e. *fara, hlaupa, sofa, borða*), tilfinningum (þ.e. *gladur, leiður, þreyttur*), staðsetningum (þ.e. *upp, niður, undir, við hliðina á*), tímahugtökum (þ.e. *núna, seinna, á eftir*) og svo framvegis. Notið sömu orðin í mismunandi samhengi og við sem flestar aðstæður. Einfalt dæmi til útskýringar: „*Sjáðu kisuna!*“, „*Kisan sefur.*“, „*Átt þú kisu?*“. Börn þurfa að heyra orð mörgum sinnum til þess að geta munað það og á endanum sagt það sjálf, einu sinni er ekki nóg

- Notið „valspurningar“ til að fá svör frá barninu. Ef þið spyrjið *Viltu mjólk eða djús?* eru meiri líkur á því að þið fáið munnlegt/TMT svar frá barninu. Ef þið spyrjið *Viltu djús*, þá hefur það meiri möguleika á því að kinka bara kolli
- Lengið setningar barnsins með því að nota „víkkunaraðferð“, sem gengur út á það að nota fleiri orð en barnið tjáir, t.d. ef barnið segir *Mömmu bíll!* þá getur þú sagt *Já, bíllinn hennar mömmu er rauður*
- Kennið börnunum ykkar að umgangast bækur og byrjið snemma að lesa fyrir þau á hverjum einasta degi og endilega aftur og aftur sömu bókina/söguna til þess að hvetja barnið til þess að segja alls konar orð. Verið viss um að velja bækur sem hæfa aldri og áhuga barnsins. Dæmi um bækur sem henta allra yngstu börnunum eru bækur sem gefa frá sér hljóð eða hreyfimyndabækur, myndaorðabækur, bækurnar um Bínu bálreiðu og Klár kríli. Stoppið reglulega til þess að skoða myndirnar, benda á og nefna. Einnig er mikilvægt að byrja snemma að leika sér með málhljóðin (sjá hugmyndir: Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009; Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Þegar barnið segir eitthvað óskýrt eða rangt er mikilvægt að leiðrétta það ekki með aðfinnslum. Endurtakið heldur rétt það sem það segir rangt (einfalt dæmi til útskýringar: „*dól*“ – „*já, stóll*“ eða „*mamma dída dólinn*“ – „*já, mamma situr á stólnum*“)
- Leggið áherslu á það að vera í góðri samvinnu við starfsfólk leikskólans sem barnið þitt er á. Ef barnið þitt er í sérstökum málörvunartímum skuluð þið leitast við að kynna ykkur hvað er verið að vinna með og fáið ráðleggingar um það hvernig þið getið unnið heima og þannig stutt við þá vinnu sem er verið að inna af hendi í leikskólanum

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingur

10.5

Boðskipti – undanfari máls tveggja til þriggja ára

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Sýnir látbragð og vilja til aðgerða		
Er byrjað að túlka þörf með látbragði eða svipbrigðum til þess að fara á kopp eða klósett		
Sýnir táknrænan leik (sbr. hella úr könnu, ýta kerru á undan sér, þykist tala í síma, spila á hljóðfæri o.s.frv.)		
Sýnir ætlun, eftirvæntingu og áhuga á félagslegu samspili		
Getur setið kyrrt og hlustað		
Getur beðið og gert til skiptis í samtali		
Sameinar athygli með öðrum (e. <i>joint attention</i>)		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.6

Málskilningur tveggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Fer eftir einföldum fyrirmælum		
Réttir hluti eftir beiðni		
Lærir ný orð		
Þekkir nokkra líkamshluta		
Skilur sagnorð/athafnir		
Þekkir hluti og athafnir á myndum		
Bendir á einfaldar myndir samkvæmt beiðni		
Þekkir lýsandi hugtök, eins og <i>lítill</i> , <i>stór</i> og <i>meira</i>		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.7

Málskilningur þriggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:			
	Getur	Getur ekki	þarf þjálfun
Skilur hugtökin <i>einn</i> og <i>margin</i>			
Fylgir tveggja liða fyrirmælum			
Svarar <i>já</i> og <i>nei</i> spurningum			
Skilur spurnarorð			
Skilur hluta af heild (t.d. „ <i>bentu á augun á kisunni</i> “)			
Skilur notkun hluta			
Skilur neitun (<i>ekki</i>) í setningum			
Skilur lýsingarorð			
Þekkir nokkur lítaheiti			

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.8

Máltjáning tveggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Getur tjáð sig í tveggja til þriggja orða setningum		
Notar nafnið sitt		
Er byrjað að nota fornöfn; <i>minn, mín</i>		
Nefnir algengar myndir, athafnir og hugtök úr nánasta umhverfi		
Notar að minnsta kosti 100 merkingarbær orð		
Er byrjað að nota lýsingarorð; <i>stór, litill, góður...</i>		
Getur myndað málhljóðin: /b/, /m/, /n/ og nokkra sérhljóða		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.9

Máltjáning þriggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:			
	Getur	Getur ekki	þarf þjálfun
Endurtekur stuttar setningar			
Notar að minnsta kosti 400 orð			
Segir til um líðan			
Getur tjáð sig um nýliðna atburði			
Tjáir sig í setningum			
Segir til um kyn og nafn			
Notar persónufornöfn, fleirtölu, afstöðuhugtök og eignarforöfn (hans/hennar/minn/þinn)			
Biður um hluti á viðeigandi hátt			
Myndar málhljóðin: /b/, /m/, /n/, /h/, /d/, /p/, /t/, /k/ og sérhljóða			

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.10

Leikur tveggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Flokkar hluti		
Hermir eftir daglegum atburðum í leik		
Velur á milli leikfanga		
Hermir eftir dýrahljóðum		
Leikur við hliðina á öðrum börnum		
Notar flest leikföng á viðeigandi hátt		
Sýnir áhuga á bókum og hefur gaman af því að láta lesa fyrir sig		

10.11

Leikur þriggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Er byrjað í hlutverkaleik (hermir eftir mömmu, pabba, starfsfólki leikskóla)		
Notar dúkku, bangsa og tuskudýr sem leikfélaga		
Notar einn hlut til þess að standa fyrir margt annað í leik (t.d. að nota kubba fyrir bíl)		
Sýnir meiri tilbreytni í leik		
Biður um að láta lesa fyrir sig (oft sömu söguna)		
Er byrjað að leika sér með málið (rím)		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

6.7 Upplýsingatækni

Skólaárið 2014/2015 var starfrækt verkefni á vegum Hafnarfjarðarbæjar varðandi upplýsingatækni í leikskólastarfi. Áhersla var lögð á vinnu með iPad en hver deild á leikskólanum fékk einn slíkan, í vor fengu allar deildir einn iPad í viðbót. Á hverjum leikskóla var verkefnisstjóri sem hélt utan um verkefnið og miðlaði upplýsingum á sínum vinnustað. Á Álfabergi heppnaðist verkefnið mjög vel og hafa miklar framfarir átt sér stað varðandi vinnu með iPad. Markmiðið er að styrkja þetta starf enn frekar.



Unnið með iPad á Álfabergi



<https://vimeo.com/alfaberg/unnidmedipad>

7. SMT-skólafærni

Í Hafnarfirði hefur PMTO (e. Parent Management Training) aðferðin verið innleidd og aðlöguð að íslenskum aðstæðum frá árinu 2000. Hún hefur verið innleidd í alla grunnskóla Hafnarfjarðar og átta leikskóla en þar kallast aðferðin SMT- skólafærni (e. School Management Training) (Miðstöð PMTO foreldrafærni, e.d.). Meginmarkmið SMT-skólafærni „er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks.“ Með aðferðinni er reynt að koma í veg fyrir og/eða draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni. Um leið og kennsla og þjálfun fer fram er mikilvægt að vera vakandi fyrir jákvæðri hegðun og veita markvissa umbun. Áhersla er lögð á að starfsfólk sýni samræmd vinnubrögð (Miðstöð PMTO foreldrafærni, e.d.). Notast er við SMT-reglur sem eru eins í öllum skólum. Sérstök aðferð er notuð til þess að innleiða reglurnar og allir starfsmenn þurfa að notast við þær. Markviss umbun fer fram á hverri deild varðandi þjálfun á reglum og fá börnin „bros“ þegar þau hafa verið dugleg að æfa sig. Þegar börnin á deildinni hafa safnað sameiginlega nógu mörgum brosum fá þau umbun, til dæmis dótadag. Umbun þessi er valin í samráði við börnin um leið og umbun hefur farið fram. Mikið er lagt upp úr viðeigandi samskiptum starfsfólks og leikskólabarna. Áhersla er lögð á skýr skilaboð; að fara niður þegar talað er við börnin, ná augnsambandi, tala skýrt og gefa börnunum alltaf tíma til að meðtaka.

SMT á Álfabergi



<https://vimeo.com/alfaberg/smtalfaberg>

8. Heimildir

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Póra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: höfundar.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir (verkefnisstjóri), Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgensen og Póra Sæunn Úlfisdóttir. (2012). *Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málproskaröskun*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi.

Sérkennslutorg. (E.d.). TEACCH. Sótt af <http://serkennslutorg.is/throskastigin/vitsmunathroskirokhugsun/teacch/>

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2000). Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi* 13(3), 30-33.

Tryggvi Sigurðsson. (2004). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn* 18(1), 8-11.

Tryggvi Sigurðsson. 2008. Snemmtæk íhlutun - yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstj.). *Þroskahömlun barna, orsakir - eðli - íhlutun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.